



Um stofnun Breiðdalsseturs ses

Breiðdalssetur er sjálfseignarstofnun, stofnuð árið 2010. (Frá 2008 til 2010 rak Breiðdalshreppur Breiðdalssetur.) Setrið er að stærstum hluta fjármagnað með styrkjum, aðallega frá Sóknaráætlun Austurlands og ríkinu og svo styrkjum í ákveðin verkefni.

Starfsemi Breiðdalsseturs byggir á þremur grunnstoðum:

JARÐFRÆÐI, MÁLVÍSINDI og SAGAN

Jarðfræði er aðaláhersluliður Breiðdalsseturs og er byggður á verkum jarðfræðingsins Dr. George P.L. Walker (1926-2005) sem starfaði við rannsóknir og kortlagningar á Austurlandi á árabílinu 1950-60. Hann sagði ávallt að rannsóknir sínar á Íslandi hefðu kveikt áhuga hans á eldfjallafræði sem varð síðar sú grein sem hann varð heimskunnur fyrir. Breiðdalssetur hefur tekið við mikilvægum gögnum um störf Walkers frá erfingjum hans og hafa starfsmenn setursins unnið að því að flokka bæði gögn og eigur hans og gera þær aðgengilegar fólki, bæði fræðimönnum og öðrum gestum safnsins.

Málvísindaliður Breiðdalsseturs er byggður á verkum Dr. Stefáns Einarssonar málvísindamanns frá Höskuldstöðum í Breiðdal, sem var lengst af prófessor við John Hopkins háskólann í Baltimore, í Bandaríkjunum. Stefán var kunnur málvísindamaður og kenndi meðal annars norræn málvísindi og eftir Stefán liggja merk skrif og rannsóknir um íslenska og norræna tungu, bókmenntir, íslenska hljóðfræði og jafnframt mikið safn um örnefni á Austurlandi.

Samfélagið í Breiðdal er svo þriðja grunnstoðin, þróun þess og uppbygging byggðarlagsins út frá elsta húsi Breiðdalsvíkur, „Gamla kaupfélaginu“ sem hýsir í dag starfsemi Breiðdalsseturs. Húsið sjálft hefur sterk söguleg tengsl við samfélagið og sveitina. Áhersla er lögð á að efla þennan þátt í starfsemi Breiðdalsseturs og er setrið þar með þátttakandi í samfélaginu og eflingu þess. Með því að virkja samfélagið er hægt að flétta saman rannsóknarþætti sem eru mjög ólíkir, en sameinast á einum grundvelli með tilkomu setursins, allt frá málvísindarannsóknum til þekkingar á nærumhverfi, til að mynda landslagi og lífríki.